

BORGARRÁÐ 19. október 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um átak vegna veggjakrots – MSS23100175

Lagt er til að farið verði hið fyrsta í allsherjaráttak að hreinsa veggjakrot í borginni sem hefur stórukist að undanfögnu. Jafnframt verði leitað eftir samstarfi við m.a. við ungmennaráð, íbúasamtök, skóla, frístundamiðstöðvar, félagasamtök og rekstraraðila í þeirri viðleitni að draga úr veggjakroti.

Greinargerð:

Veggjakrot hefur stórukist að undanfögnu bæði á eignum í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem hefur mikinn kostnað í för með sér sem á endanum lendir á skattgreiðendum. Veggjakrot hefur aukist verulega að undanfögnu bæði í miðborginni og er einnig farið að bera á aukningu þess í úthverfunum. Nauðsynlegt er að stemma stigu við því sem fyrst en þar gætu skólar og frístundastundamiðstöðvar með fræðslu gegnt lykilhlutverki í fyrirbyggjandi aðgerðum. Hægt væri til að mynda að skilgreina sér svæði þar sem kroturum er heimilt að setja sína list. Þá er enn fremur mikilvægt að leita eftir samstarfi við hagsmunaaðila jafnt opinbera sem einkaaðila til að stemma stigu við veggjakroti. Mikilvægt er að borginni sé haldið hreinni og snyrtilegri sem er liður í því að efla umhverfisvitund og góða umgengni.